

Virðis_keðja gámafisks



Fyrri hluta síðustu aldar fór útflutningur á heilum ferskum fiski fram á þann hátt að veiðiskipin sigldu sjálf með aflann en á síðustu þremur áratugum hefur uppistaðan af magninu verið flutt út með gámaskipum.



Þegar fisknum hefur verið landað fer hann í gámum um borð í flutningaskip sem flytur hann til Bretlands eða meginlands Evrópu.



Um leið og fiskurinn er kominn á erlenda grundu taka umboðsfyrirtæki að sér að sjá um sölufærið fyrir hönd útflytjenda. Þau sjá til dæmis um að skipta framboðinu niður á uppboðsmarkaði og vikudaga, auk þess sem þau tryggja að allar greiðslur skili sér til útgerðanna.

Fjölbreyttur hópur fiskverkenda kaupir íslenskan fisk á uppboðsmörkuðunum. Þeirra viðskiptavinir eru einnig mjög fjölbreyttur hópur dreifingaraðila, smá-sala, mótuneyta, veitingastaða ofl.

Mikilvægur markaður

Á ári hverju flytja íslensk fyrirtæki út mikið magn af heilum ferskum fiski í gámum á erlenda markaði. Megnið af þessum fiski fer til Bretlands og Þýskalands þar sem hann er seldur á uppboðsmörkuðum til þarlandra fiskverkenda. Þessir markaðir eru mikilvægir fyrir margar íslenskar útgerðir og skapar útflutningurinn umtalsverðar gjaldeyrstekjur fyrir þjóðarbúið. Jafnframt er þetta framboð fersks fisks frá Íslandi mikilvægt fyrir fjölda breskra og þýskra fiskverkenda, enda er íslenskur fiskur uppistaðan í því framboði sem er á boðstólum á fiskmörkuðunum í Hull, Grimsby og Bremerhaven.

Íslenskur heill ferskur fiskur hefur áunnið sér góðan orðstír á erlendum fiskmörkuðum og hafa fiskverkendur í Bretlandi og Þýskalandi því sóst eftir að fá fisk frá Íslandi.

Fyrri hluta síðustu aldar fór þessi útflutningur fram á þann hátt að veiðiskipin sigldu sjálf með aflann, en á síðustu þremur áratugum hefur uppistaðan af magninu verið flutt út með gámaskipum.

Áhersla á gæði og verðmætasköpun

Virðis_keðja gámafisks spannar yfir allt framboðsferlið, allt frá því fiskurinn er veiddur þar til hann er kominn á disk neytandans. Fjöldamargir áhrifaþættir á þessari leið fisksins eftir keðjunni hafa áhrif á gæði lokavörunnar. Þar sem töliverður fjöldi aðila kemur að virðis_keðjunni er mikilvægt að skilningur hvers hlekks fyrir sig á hlutverki sínu og ábyrgð sé fyrir hendi.

Matis hefur opnað vefsvæði þar sem nálgast má ýmsar upplýsingar sem erindi eiga til þeirra er koma að virðis_keðju gámafisks. Þar má finna ýmsar tölulegar upplýsingar um gámaútflytning, leiðbeiningar til handa hverjum hlekk keðjunnar um hvernig gæði vörunnar verði best tryggð og ýmsar aðrar gagnlegar upplýsingar.



www.matis.is/gamafiskur